

Mál nr. 351/2018**M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Réttarlegur ágreiningur varðandi ógildingu kosninga sem fram fóru 26. maí 2018
til sveitarstjórnar****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.11.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 19.11.2018, ásamt bréfi lögmanns M til V, dags. 10.10.2018.

Málsatvik.

Kosið var til sveitarstjórnar hinn 26.5.2018. M telur að kosningarnar hafi verið ólögmetar og þær beri að ógilda. M, ásamt öðrum íbúa í sveitarfélaginu, kærði framkvæmd kosninganna skv. 2. mgr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Nefnd sem starfar skv. því lagaákvæði úrskurðaði M í óhag og kærði M þá úrskurðinn til dómsmálaráðuneytisins, sem staðfesti úrskurð nefndarinnar. M ætlar að höfða mál fyrir héraðsdómi til að fá kosningarnar ógiltar og hefur leitað aðstoðar lögmanns til að fara með málið fyrir sína hönd. M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V og telur öll skilyrði vera fyrir hendi til þess. M segir málið varða ágreining í einkamáli og falli ekki undir undanþáguákvæði vátryggingaskilmála.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess sem kemur fram hjá M sjálfum vegna hagsmuna hans af málsókn til að fá kosningaúrslitum hnekk. V bendir á að M telji nauðsynlegt að höfða málið þar sem úrslit kosninga í maí sl. hafi verið þannig að svokallaðir virkjunarsinnar hafi fengið meirihluta og því verulegar líkur á að virkjað verði í sveitarfélaginu. Það muni hafa áhrif á rekstur og starfsemi M og það telur V að séu aðstæður sem hægt er að jafna til atvinnu eða embættisreksturs M í skilningi undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála í b.lið 39. gr. þar sem kemur fram að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem er „... í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs...“

Álit.

M hyggst höfða dómsmál til ógildingar á niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga sem fóru fram hinn 26. maí 2018. M stundar rekstur í nágrenni við fyrirhugaðan virkjunarstað í Hvala í Ófeigsfirði. V hafnar greiðslu málskostnaðartryggingar til M að því er virðist á þeim forsendum að hann stundi einhvers konar rekstur á svæðinu fyrirhuguð málsókn varði þess vegna hans atvinnu eða embættisrekstur. Jafnvel þó að afstaða M varðandi kosningarnar mótist af hagsmunum hans sem rekstraraðila atvinnureksturs, þá lýtur dómkrafa M í fyrirhuguðu dómsmáli að því með hvaða hætti kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga í Árneshreppi var útbúin. Sú krafa varðar gildi eða ógildi kosninga hvort heldur M er í atvinnurekstri eða ekki. Sérhver kjósandi í Árneshreppi getur haft uppi slíka kröfu óháð því hvort hann hafi atvinnu eða með höndum einhvers konar embættisrekstur. Málskostnaðarkrafa M fellur því undir gildissvið vátryggingarskilmála V og á M því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 20.12.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.